

**lík-a** so. vb.-a – kalla  
[-aði]

– henni líkar vel við þig

‡ • líkur (lo), líkt

**veif-a** so. vb.-a – kalla  
[-aði]

– drottningin veifaði til fólksins

‡

**dreif-a** so. vb.-i – heyra  
[-ði]

– viltu gjöra svo vel að dreifa  
blöðunum?

‡

**eld-a** so. vb.-a – kalla  
[-aði]

– ég skal elda matinn í kvöld

‡

**jól** hk. ft. – hús

– bráðum koma jólin

‡

**geim-ur** kk. – hestur  
[-s, -ar]

– er geimurinn endalaus?

‡

**lögregluþjón-n** kk. – hestur S  
[-s, -ar]

– lögregluþjónninn kenndi  
börnunum umferðarreglurnar

‡ • þjóna, þjónn, þjónusta

**kyss-a** so. vb.-i – heyra  
[-ti]

– hún kyssti strákin á kinnina

‡

**forsend-a** kvk. – stofa  
[-u, -ur]

– við göngum út frá ákveðnum  
forsendum

• for- (for-seti), senda

**kaka** kvk. – stofa Ö  
[köku, kökur]

– þessi kaka er of sæt

‡

**löngun** kvk. – mynd Ö  
[-ar, langanir]

– hann hafði enga löngun til að  
dveljast áfram

‡

**vín** hk. – hús  
[-s, -]

– allt vín er dýrt á Íslandi

‡

**rúð-a** kvk. – stofa  
[-u, -ur]

– hann þurrkar rúðuna og horfir út

‡

**fram-för** kvk. – mynd Ö  
[-farar, -farir]

– það hafa orðið miklar framfarir í  
iðnaði

‡ framfögr • fram, för; framtíð; framundan,  
framvegis

**sand-ur** kk. – hestur  
[-s, -ar]

– það er víða svartur sandur á  
Íslandi

‡ sandr

**djöful-l** kk. – hestur B S  
[-s, djöflar]

– hver leikur djöfulinn í myndinni?

‡ djöfull